

2012

HJÁLPARLIÐ ALMANNAVARNA



SAMKOMULAG

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA VIÐ RAUÐA KROSS ÍSLANDS
UM HLUTVERK Í HEILDARSKIPULAGI HJÁLPARLIÐS
VEGNA ALMANNAVARNA

ALMANNAVARNIR



Rauði kross Íslands



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. HLUTVERK LANDSSKRIFSTOFU OG STJÓRNSTÖÐVAR RAUÐA KROSS ÍSLANDS.....	3
3. BOÐUN OG SAMSKIPTI	4
4. SAMNINGAR Í LÖGREGLUUMDÆMUM	5
5. HLUTVERK DEILDA RAUÐA KROSS ÍSLANDS	5
6. STJÓRNUN OG BOÐUN Í LÖGREGLUUMDÆMUM	6
7. ÞJÁLFUN	6
8. SÉRHÆFÐIR HÓPAR	7
9. BÚNAÐUR.....	7
10. ALMENN ÁKVÆÐI	7

1. Inngangur

Ríkislögreglustjóri annars vegar og Rauði kross Íslands hins vegar, gera með sér eftirfarandi samkomulag um hlutverk þess síðarnefnda í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna. Samkomulag þetta er hluti af samningi ríkislögreglustjóra við Rauða kross Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg um hlutverk þeirra í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna frá 7. mars 2012.

Rauði kross Íslands mun annast þau verkefni sem talin eru upp í samningnum, í umboði ríkislögreglustjóra, samkvæmt beiðni hverju sinni. Fyllsta trúnaðar skal gætt varðandi þær upplýsingar sem gefnar eru um hugsanlega hættu, umfang atburða og framgang á hættu- og neyðartímum.

Samkomulagið skilgreinir tengsl stjórnskipulags Rauða kross Íslands við skipulag almannavarna vegna aðgerða á hættu- og neyðartímum. Samkomulagið kveður á um hlutverk landsskrifstofu Rauða kross Íslands og einstakra deilda hans í heildarskipulagi vegna almannavarna.

Rauði kross Íslands vinnur eftir sjö grundvallarhugsjónum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfbærni þjónustu, einingu og alheimshreyfingu. Verkefni Rauða kross Íslands í skipulagi almannavarna mega ekki brjóta í bága við grundvallarhugsjónir Rauða kross hreyfingarinnar og stefnu og lög Rauða kross Íslands.

Landsskrifstofa Rauða kross Íslands ber ábyrgð á því að félagið starfi í samræmi við það samkomulag sem gert hefur verið milli ríkislögreglustjóra og Rauða kross Íslands. Landsskrifstofa leggur deildum til búnað í fjöldahjálparstöðvar.

2. Hlutverk landsskrifstofu og stjórnstöðvar Rauða kross Íslands

Landsskrifstofa starfrækir stjórnstöð Rauða kross Íslands á hættu- og neyðartímum. Hún skal starfa samkvæmt verkþáttaskipuriti SÁBF (Stjórnun, Áætlun, Bjargir, Framkvæmd) og séráætlun fyrir landsskrifstofu Rauða kross Íslands. Hlutverk stjórnstöðvar Rauða kross Íslands er að annast eftirtalin verkefni:

Samskipti við Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna. Rauði kross Íslands leggur til að minnsta kosti tvo starfsmenn til starfa í Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna sem starfrækt er við embætti ríkislögreglustjóra á hættu- og neyðartímum.

Sér um samskipti við aðgerðastjórnir lögregluumdæma varðandi verkefni Rauða kross Íslands.

Aðstoð og ráðgjöf við deildir Rauða kross Íslands varðandi þá verkþætti sem snúa að fjöldahjálpi og útvegum bjarga.

Skiptir út hjálparliði í samvinnu við Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna þegar um langtímaaðgerðir er að ræða.

Skráning og upplýsingagjöf. Starfrækir símaver Hjálparsíma Rauða krossins 1717.

Söfnun og úrvinnsla skráninga á þolendum frá fjöldahjálparstöðvum og öðrum starfsstöðvum Rauða kross Íslands, heilbrigðisstofnunum og vettvangi, samkvæmt verklagsreglum þar að lútandi. Miðlun skráninga til hlutaðeigandi aðila. Tilkynningar til aðstandenda um staðsetningu og ástand þolenda í samráði við Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna.

Áfallahjálpar Landsskrifstofa Rauða kross Íslands tilnefni fulltrúa í samráðshóp áfallahjálpar Samhæfingar- og stjórnstöðvar almanna og veitir deildum aðstoð varðandi áfallahjálpar svo sem með stuðningi við sjálfboðaliða og starfsfólk. Skipulag áfallahjálpar er nánar skilgreint í viðbragðsáætlun almanna um skipulag áfallahjálpar á Íslandi sem undirritað var í október 2010.

Samskipti við utanríkisráðuneytið, erlend sendiráð og ræðisskrifstofur eða erlend Rauða kross félög um afdrif erlendra ríkisborgara sem lent hafa í slysum eða náttúruhamförum á Íslandi í samráði við Samhæfingar- og stjórnstöð almanna.

Samskipti við erlend Rauða kross félög og alþjóðastofnanir Rauða krossins og Rauða hálfmánans varðandi viðbótarþjargir eða aðra utanaðkomandi þjónustu, í samræmi við ákvarðanir ríkislögreglustjóra.

Félagslegt hjálparstarf og endurreisn. Landsskrifstofa Rauða kross Íslands tilnefni fulltrúa í þjónustumiðstöðvar almanna í samráði við ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri skal semja við Rauða kross Íslands hverju sinni um framlag félagsins í langtíma hjálparstarfi og endurreisn. Gæta skal séstaklega að því að yfirfærsla verkefna fjöldahjálparstöðva Rauða kross Íslands til þjónustumiðstöðva ríkislögreglustjórar verði hnökralaus og skulu verklagsreglur samræmdar í þessum tilgangi.

Önnur verkefni sem ríkislögreglustjóri felur stjórnstöð að sinna og ganga ekki gegn grundvallarhugsjónum Rauða kross hreyfingarinnar og stefnu og lögum Rauða kross Íslands

Ákveði stjórn Rauða kross Íslands að færa stjórnun verkefna tímabundið frá tiltekinni deild og yfir til landsskrifstofu skal tafarlaust tilkynna ríkislögreglustjóra og viðkomandi lögreglustjóra um slíkt.

3. Boðun og samskipti

Hvenær sem aðstæður útheimta að skipulag almanna sé sett á hættu- eða neyðarstig og líkur eru á að kalla þurfi Rauða kross Íslands til aðstoðar, skal tengiliður á hans vegum upplýstur um ástand og horfur. Rauði kross Íslands upplýsir ríkislögreglustjóra um það þegar hann flytur hjálparlið sitt milli svæða.

Tilkynningar um hættu- eða neyðarstig berast frá ríkislögreglustjóra til tengiliðs Rauða kross Íslands í gegnum boðunaraðila, sem Rauði kross Íslands ákveður.

Boðun annars hjálparliðs Rauða krossins er skilgreind í séráætlun fyrir landsskrifstofu Rauða kross Íslands.

Hlutverk fulltrúa Rauða kross Íslands í Samhæfingar- og stjórnstöð almanna:

- Að vera tengiliður milli stjórnstöðvar Rauða kross Íslands og Samhæfingar- og stjórnstöðvar almanna varðandi þau verkefni sem skilgreind eru í kafla 2 í samningi þessum.
- Stjórnandi ríkislögreglustjóra í Samhæfingar- og stjórnstöð almanna getur falið fulltrúa Rauða kross Íslands önnur verkefni ef aðstæður krefjast.

Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með fréttatilkynningum sem sendar eru frá Samhæfingar- og stjórnstöðinni varðandi almanna aðgerðir.

Í sameiginlegum aðgerðum hafa Rauði kross Íslands og ríkislögreglustjóri með sér samráð með það að markmiði að almenningur fái réttar og tafarlaugar upplýsingar. Lögð er áhersla á notkun rafræna samfélagsmiðla við upplýsingagjöf í hamförum.

Fulltrúar Rauða kross Íslands eiga sæti í fjölmiðlateymi Samhæfingar- og stjórnstövar almannavarna þegar og ef það er virkjað.

4. Samningar í lögregluumdæmum

Almannavarnanefndir og lögreglustjórar annars vegar og deildir Rauða kross Íslands hins vegar skulu gera samning um skipan hjálparliðs. Samningurinn skal staðfestur af ríkislögreglustjóra og landsskrifstofu Rauða kross Íslands

Ekkert í samkomulaginu hindrar þó lögreglustjóra í að skipa sérstakt hjálparlið innan umdæmis síns ef aðstæður krefjast.

Landsskrifstofa Rauða kross Íslands sér um skráningu hjálparliðs Rauða kross Íslands og upplýsir lögreglustjóra og aðgerðastjórn sé þess óskað.

Verði kröfum lögreglustjóra um skipan hjálparliðs ekki fullnægt getur hann leitað aðstoðar samstarfsnefndar um heildarskipulag hjálparliðs almannavarna.

Ríkislögreglustjóri skal semja sérstaklega við Rauða kross Íslands þegar um langtímastarf við uppbyggingu á skaðasvæði er að ræða. Áður skal samráðsnefnd hjálparliðs almannavarna skilgreina verkefnið og enduruppbygging getur hafist þó hættu- eða neyðarstig sé enn í gildi. Lífsbjargandi aðgerðum skal vera lokið og ekki lengra en 72 tímar liðnir frá upphafi aðgerðar. Miða skal starfsmannakostnað að loknum lífsbjargandi aðgerðum við útseldan tíma lögreglumanns en kostnað við bifreiðar og annan búnað við almennan leigukostnað á markaði.

5. Hlutverk deilda Rauða kross Íslands

Deildir Rauða kross Íslands skipuleggja starf sitt sem hjálparlið í samvinnu við lögreglustjóra og almannavarnanefnd og eru verkefni greind í verkþætti samkvæmt verkþáttaskipuriti SÁBF (Stjórnun, Áætlun, Bjargir, Framkvæmd).

Deildir í umdæmi lögreglustjóra koma sér saman um að tilnefna einn aðalmann og einn varamann í aðgerðastjórn, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Deildir innan umdæmis lögreglustjóra koma sér saman um að tilnefna einn aðalmann og einn varamann í samráðshóp áfallahjálpar á starfssvæðinu, samkvæmt viðbragðsáætlun almannavarna um skipulag áfallahjálpar á Íslandi frá október 2010.

Neyðarnefnd deildar hefur umsjón með framkvæmdum sem snúa að fjöldahjálp á starfssvæði deildarinnar og starfar hún beint undir aðgerðastjórn. Hún sér um öll samskipti við aðgerðastjórn og stjórnstöð Rauða kross Íslands. Neyðarnefndin er jafnframt ábyrg fyrir því að neyðarvarnaáætlun deildarinnar sé ávallt uppfærð. Neyðarnefnd skal tafarlaust upplýsa landsskrifstofu um virkjun deildarinnar í neyðaraðgerðum.

Framkvæmdir sem deildir Rauða kross Íslands sinna eru fjöldahjálp og félagslegt hjálparstarf og önnur verkefni samkvæmt nánari útfærslu lögreglustjóra og almannavarnanefnda í héraðssamningum og

ganga ekki gegn grundvallarhugsjónum Rauða kross hreyfingarinnar og stefnu og lögum Rauða kross Íslands.

Helstu verkþættir eru:

- Rekstur fjöldahjálparstöðva.
- Umsjón söfnunarsvæðis aðstandenda.
- Rekstur skráningarstöðva.
- Rekstur neyðarmötuneyta fyrir þolendur og hjálparlið.
- Sálrænn stuðningur í samstarfi við samráðshópa um áfallahjálp.
- Aðkoma að mönnun þjónustumiðstöðva ríkislögreglustjóra ef hann eða stjórnstöð Rauða kross Íslands óska eftir því.

6. Stjórnun og boðun í lögregluumdæmum

Almannavarnanefndir móta stefnu, framkvæma hættumat og gera viðbragðsáætlanir í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Lögreglustjóri fer með stjórn almannavarna í sínu umdæmi þegar almannavarnaástand ríkir, sbr. 11. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn stýrir aðgerðum á hættu- og neyðartímum og lýtur stjórn viðkomandi lögreglustjóra.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra sem fer með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

Neyðarnefndir deilda heyra undir viðkomandi aðgerðastjórn meðan hún er að störfum. Aðgerðastjórnin boðar þær til starfa á hættu- og neyðartímum. Neyðarnefndir boða sjálfar annað hjálparlið Rauða kross Íslands en slík boð geta einnig komið frá landsskrifstofu Rauða kross Íslands.

7. Þjálfun

Ríkislögreglustjóri annast þjálfun og fræðslu um skipulag almannavarna og framkvæmd. Má nefna námskeið í vettvangsstjórn, aðgerðastjórn og þjálfun fulltrúa Rauða kross Íslands í áhöfn Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna sem starfrækt er við embætti ríkislögreglustjóra.

Landsskrifstofa Rauða kross Íslands annast þjálfun stjórnenda Rauða kross Íslands í almannavörnum í samræmi við kröfur ríkislögreglustjóra. Deildir annast þjálfun annars hjálparliðs.

Landsskrifstofa Rauða kross Íslands annast þjálfun áfallahjálparteymis Rauða kross Íslands og sjálfboðaliða Hjálparsíma Rauða krossins 1717.

Deildir Rauða kross Íslands skulu tryggja að þær séu í stakk búnar til að sinna skyndihjálpi í neyðaraðgerðum og sálrænum stuðningi.

Rauði kross Íslands hefur forystu um fræðslu almennings í almennri og sálrænni skyndihjálpi, endurnýjar námsefni í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar í skyndihjálpi og kemur upp nauðsynlegum fjölda leiðbeinenda í hverjum landshluta.

8. Sérhæfðir hópar

Rauði kross Íslands heldur skrá um þá sérhæfðu hópa sem eru innan vébanda Rauða kross Íslands og upplýsir ríkislögreglustjóra um eftirfarandi sé þess óskað:

- Tegund hóps og sérhæfni.
- Staðsetningu hóps og boðunarform.
- Stærð hóps og styrk í búnaði og tækjum.
- Þjálfunarstig manna sem hópinn skipa og þjálfunarferli sem farið er eftir.

Ríkislögreglustjóri getur á grundvelli upplýsinga frá Rauða krossi Íslands og í samvinnu við Rauða kross Íslands gefið einstökum mönnum, hópum eða deildum viðurkenningu á grundvelli sérhæfni og þekkingar og valið til forystu um úrlausn verkefna á viðkomandi sérsviði vegna aðgerða á hættu- og neyðartímum.

Sérhæfðir hópar Rauða kross Íslands eru meðal annars fjöldahjálparstjórar, áfallahjálparteymi, mötuneytishópar og skyndihjálparhópar.

9. Búnaður

Samkomulagið gerir ráð fyrir að deildir og landsskrifstofa Rauða kross Íslands leggi fram þann búnað sem er í eigu þeirra og nýtist til björgunar- og hjálparstarfa.

10. Almenn ákvæði

Samkomulagið skal tekið til endurskoðunar að fimm árum liðnum frá undirritun en er að öðru leyti uppsegjanlegt af hvorum samkomulagsaðila fyrir sig með sex mánaða fyrirvara. Einnig er skylt að taka samkomulagið eða einstakar greinar þess til endurskoðunar innan þriggja mánaða frá þeim tíma sem skrifleg ósk berst um slíkt.

Samkomulagið tekur þegar gildi.

Reykjavík, 7. mars 2012

Hr. Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri

Fr. Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands